

Atvinnuhættir– verkefni um verslun.

1. Þegar Orri og Ösp gæddu sér á ís við verslunarmiðstöðina þá veltu þau fyrir sér nútímaþægindum hvað verslun varðar. Í gamla daga var öldin önnur og fólk þurfti oft að leita langt eftir nauðsynjum.
 - a. Aflið ykkur upplýsinga á Internetinu um það hver var fyrsta verslunin í Grindavík, hvaða ár hún var stofnuð og hver stóð að baki opnuninni?
 - b. Veltið fyrir ykkur staðsetningu á versluninni. Hvers vegna haldið þið að sá staður hafi verið valinn? Getur verið að aðgengi að viðskiptavinum hafi skipt sköpum?
 - c. Kynnið ykkur hvert menn þurftu að sækja vörur áður en verslunin í byggðarlaginu var stofnuð?
 - d. Farið á Google Earth og skoðið leiðina sem þurfti að fara og hversu löng hún er.
 - e. Ímyndið ykkur að þið þyrftuð að fara í slíkan leiðangur og búið til sendibréf sem segir frá för ykkar.
2. Vöruúrval og greiðslumáti hefur tekið breytingum í tímans rás eins og ýmislegt annað. Í upphafi síðustu aldar voru t.d. vöruskipti algeng.
 - a. Kynnið ykkur á Internetinu hvaða vörur voru til þegar verslunin í Grindavík var stofnuð.
 - b. Hvernig haldið þið að viðskiptavinirnir hafi borgað fyrir vöruna? Skriðið niður.
3. Vöruflutningar hafa ekki alltaf verið jafn einfaldir og þeir eru í nútímanum.
 - a. Hvernig og hversu oft haldið þið að kaupmenn hafi nálgast birgðir í Grindavík fyrir t.d. hundrað árum? Kynnið ykkur það.
 - b. Farið í matvöruverlsunina og skoðið vöruúrvalið.
 - c. Veljið ykkur nokkrar vörur og skoðið á pakkningunum hvaðan þær koma.
 - d. Skoðið ferlið frá því að vara er búin til í verksmiðju úti í heimi og þangað til hún er komin í verslunina ykkar.
 - e. Búið til ferðasögu vörunnar og kynnið fyrir bekknum ykkar, þið megið ráða hvaða leið þið notið til þess.